

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 51/2006

frá 28. apríl 2006

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2006 frá 27. janúar 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1158/2005 frá 6. júlí 2005 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1165/98 varðandi hagskýrslur til skamms tíma ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1161/2005 frá 6. júlí 2005 um ársfjórðungslega samantekt á ófjárhagslegum reikningum eftir haggeirum ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 2. lið (reglugerð ráðsins (EB) nr. 1165/98):
„, eins og henni var breytt með:
– **32005 R 1158**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1158/2005 frá 6. júlí 2005 (Stjtið. ESB L 191, 22.7.2005, bls. 1).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 19s (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005):
„19t. **32005 R 1161**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1161/2005 frá 6. júlí 2005 (Stjtið. ESB L 191, 22.7.2005, bls. 22).
Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:
Reglugerð þessi gildir ekki að því er varðar Liechtenstein.“

2. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 92, 30.3.2006, bls. 45, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 17, 30.3.2006, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 191, 22.7.2005, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 191, 22.7.2005, bls. 22.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1158/2005 og 1161/2005, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. apríl 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.